



Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR - 17. febrúar 2005

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Blönduóssbæjar fimmtudaginn 17. febrúar 2005 kl. 17,30 í félagsheimilinu.

Guðmundur Ingbórsson, formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Þórdís Erla Björnsdóttir ritaði fundargerð.

Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Erindi: Skipulags- og byggingarfulltrúi Blönduóssbæjar óskar eftir staðfestingu skipulags- og byggingarnefndar á breytingu á AÐALSKIPULAGI BLÖNDUÓSS 1993-2013. Breyting á svæði sunnan Norðurlandsvegur og vestan Svínvetningabrautar. Túna- og atvinnusvæði verður skráðgarða- og útivistarsvæði til sérstakra nota. Uppdráttur gerður af STOD ehf. Verkfræðistofu og Árna Ragnarssyni arkitekt Sauðárkróki. Uppdráttur dagsettur 4. febrúar 2005.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

2. Erindi: Skipulags- og byggingarfulltrúi Blönduóssbæjar óskar eftir staðfestingu skipulags- byggingarnefndar á deiliskipulagi fyrir svæðið sunnan Norðurlandsvegur og vestan Svínvetningabrautar. Uppdrættir gerðir af Óskari Húnfjörð.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

3. Erindi: Inga Elsa Bergþórsdóttir og Gísli Egill Hrafnsson Hjallaveg 19, 104 Reykjavík, eigendur Brimslóð 10A Blönduósi. Óska eftir afstöðu skipulags- og byggingarnefndar til hugmynda þeirra um breytingar á húsnæðinu. Einnig er óskað eftir breytingum á lóð.

Afgreiðsla: Nefndin gerir ekki athugasemdir við fram lagðar hugmyndir, en óskar eftir fullnaðar uppdráttum. Lóðastækkun er skoðuð jákvætt en taka þarf tillit til vinnu við sjóvarnir.

4. Önnur mál.
 - a. Erindi: Jóhann Magnús Kristjánsson. Fremstagili óskar eftir að endurnýja vegg á útihúsi sem stendur á jörðinni Glaumbæ, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum.

Afgreiðsla: Erindi samþykkt.

- b. Fyrir liggur skipulagsuppdráttur frá byggingarfulltrúa á staðsetningu á smáhúsum að Blöndubýggð 9. Þar sem hugmyndir umsækjanda stangast



á við kröfur Brunamálastofnunar er einungis hægt að koma fyrir 3 húsum á lóðinni. Samþykkir nefndin að bjóða umsækjanda, Jónasi Skaftasyni til viðræðna við nefndina um mögulega uppbyggingu.

- c. Erindi frá Bæjarstjóra Blönduóss varðandi gámasvæði fyrir úrgang. Byggingarfulltrúi kynnti tillöguna og telur nefndin þetta tilvalið umræðuefni á næsta íbúapingi.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19,10.

Jakob Þór Guðmundsson
Guðmundur Ingpórsson
Gauti Jónsson

Þórdís Erla Björnsdóttir
Jón Sigurðsson
Andrés Leifsson
Rolf Árnason